

Nr. 053 / 11 Blíðfari SH 229**Vélarbilun og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 6416
Smíðaður: Hafnarfirði 1982 plast
Stærð: 3,86 brl. 4,33 bt
Mesta lengd: Skráð lengd: 7,7 m
Breidd: 2,36 m Dýpt: 1,12 m
Vél: Ford Mermaid 27 kW 1987
Fjöldi skipverja: 1

Gögn:
Gögn RNS



Blíðfari © Hilmar Snorrason

Málið afgreitt á fundi 29. ágúst 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 3. maí 2011 var Blíðfari SH 229 á siglingu skammt norður af Hellisasandi. Veður: A 4 m/sek.

Á siglingunni fór aðvörunarkerfi í gang en í ljós kom að vélin hitaði sig óeðlilega og kælivatn hennar gubbaðist út úr slöngutengingu framan á henni. Þar sem bátsverjinn hafði ekki aðstöðu til viðgerða óskaði hann eftir aðstoð og björgunarskipið Björg dró Blíðfara SH til Ólafsvíkur.

Við rannsókn kom fram:

- að rörtenging fyrir slöngutengi hafði brotnað. Um var að ræða T-tengi fyrir þrjá slöngustúta. Bátsverjinn taldi að þetta hefði gerst vegna aldurs en ekki var hægt að sjá ástandið vegna málningar;
- að legufæri voru tiltæk um borð.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu en hvetur stjórnendur báta til að huga vel að ástandi búnaðar.